

Skólaráðsfundur GRV

Kl. 12:10 þriðjudaginn 13. nóv.

Mættir voru: *Helga Jóhanna, Ingunn, Andrea, Sigurlína, Kristín, Hrefna Óskarsd., Ragnheiður Borgþórsd.*

Leyfi/veikir: *Kolbrún Kjartansd., Bragi Magnússon*

Ritari:

1.mál

Kynning ráðsins og skipaður ritari.

Að mestu leyti sama skólaráð og í fyrra.

Anna Rós Hallgrímsdóttir skólastjóri

Ragnheiður Borgþórsdóttir kennari (var varamaður kemur inn sem aðalmaður í stað Ásdísar Tómasdóttur)

Helga Jóhanna Harðardóttir kennari

Sigurlína Sigurjónsdóttir starfsmaður skóla

Andrea Atladóttir foreldri

Kristín Hartmannsdóttir foreldri

Sindri Þór Friðriksson nemandi

Guðbjörg Sól Sindradóttir nemandi - Leó Viðarsson er útskrifaður

Bragi Magnússon grendarsamfélag

Daði Pálsson sagði sig úr ráðinu og óskaði eftir að Erlingur Richardsson komi í hans stað.

Samþykkt

Varamenn:

Ásdís Tómasdóttir kennari (var varamaður í fyrra)

Ingunn Arnórsdóttir starfsmaður skóla

Kolbrún Kjartansdóttir foreldri

Hrefna Óskarsdóttir foreldri

2.mál

Reglur skólaráðs

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1157-2008>

3. mál

Fyrirkomulag fundaritarar og fundartímar fyrir skólaárið kynntir.

Kosning ritara: Helga Jóhanna Harðardóttir

Ákveðið að hafa tvo fundi fyrir áramót og tvo eftir áramót (tvo á hvorri önn). Skólastjóri sér um að boða til fundar með tölvupósti og óska eftir staðfestingu. Hafi meðlimir ráðsins ábendingar um umræðuefni skal senda Önnu Rós þær í tölvupósti.

4.mál

Könnun um vetrarfrí. (Skóladagatal 2018-2019, kynning og umræða.)

Gerð var könnun meðal foreldra, kennara og annars starfsfólks skólans.

Niðurstöður í fylgiskjali.

Ekki er búið að leggja fyrir skóladagatal 2018-2019, það er í vinnslu, verður kynnt á næsta skólaráðsfundi.

Mikilvægt að skóladagatal sé birt sem fyrst með tilliti til þess að foreldrar séu meðvitaðir um áætlað vetrarfrí. Einnig finnst okkur mikilvægt að forráðamenn leikskóla og framhaldsskólans geti haft þetta dagatal til hliðsjónar ef þeir vilja samræma til dæmis starfsdaga þessarar stofnanna.

Hugmynd á fundi að gera könnun fyrir nemendum um vetrarfríið. Skólastjóri skoðar það.

4.mál

Breytingar á skóladagatali 2018-2019

Skóladagatal sem samþykkt var í fræðsluráði og sett á heimasíðu skólans í vor, var ekki rétt dagatal. Á því dagatali sem fræðsluráð hafði í höndunum voru skóladagar 181 en ekki 180. Þetta gerðist því skóladagur var ekki tvítalinn. Breytingin var þannig að starfsdagur sem settur var 12. júní féll út, og skólaslit færðust aftur um einn dag. Einnig vann starfsfólk af sér starfdaginn 22. október með haustþingi 29.sept. Hugmynd um að færa smiðjudaga á unglingsstigi fram um mánuð til að brjóta upp önnina í stað þess að hafa þá rétt fyrir páskaleyfi.

5. mál

Niðurstöður samræmdra prófa.

4. bekkur kom vel út var um og yfr landsmeðaltal í íslensku og stærðfræði. En 7. bekkur kom ekki nógu vel út var undir landsmeðaltali í ísl og stæ. Hafin er vinna við aðgerðaráætlun til að taka á því og skoða hvað er að.

Einnig hefur verið sett af stað áætlun til að undirbúa 9. bekk vel fyrir prófin í mars.

6.mál.

Heimasíða – Skólanámskrá

Hvet meðlimir skólaráðs verða búnir að kynna sér heimasíðu skólans, starfsáætlun, skólanámskrá sem og handbók skólaráðs Reykjavíkurborgar fyrir næsta fund

<https://reykjavik.is/handbok-um-skolarad>

Næsti fundur 11. des. kl. 12:10

Fundi slitið klukkan 12:40